

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 282/2006, um takmörkun á inntöku nemenda í tiltekna námsgreinar við Háskóla Íslands háskólaárið 2006-2007.

1. gr.

Til viðbótar áður samþykktum ákvæðum um fjölda nemenda í staðnámi á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf koma eftirfarandi bráðabirgðaákvæði um fjölda nemenda í fjarnámi, sem háskólaráð hefur samþykkt með vísan til tillagna félagsvísindadeildar og tilrauna-verkefnis sem stofnað er til vegna óska frá Samtökum símenntunarmiðstöðva:

Fjöldi nemenda í fjarnámi á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf takmarkast við töluna 20. Til þess að hefja fjarnámið þarf nemandi að jafnaði að hafa lokið:

1. B.A.-prófi í félagsvísindum,
2. B.Ed.-prófi,
3. B.A./B.S.-prófi í öðrum greinum ásamt kennsluréttindum eða hafi starfsreynslu af ráðgjöf,
4. B.A.-prófi í guðfræði eða
5. B.S.-prófi í iðjuþjálfun.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla þessi inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu við ráðgjöf.
- c) Meðmælum, ef umsækjandi hefur kennslureynslu eða starfsreynslu af ráðgjöf er byggt á meðmælum frá skólastjóra/yfirmanni en annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum, ef þurfa þykir.

Við valið mun auk þess verða byggt á því að hlutfall nemenda verði sem jafnast með tilliti til greina sem þeir hafa lokið til B.A.-, B.Ed.- eða B.S.-prófs, ásamt kennsluréttindanámi, sbr. liði 1 – 5 hér að framan.

Háskóla Íslands, 12. maí 2006.

F. h. rektors,

Þórður Kristinsson.

Tryggvi Þórhallsson.